

Nd.

675. Nefndarálit

um frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get ekki lagt það til, að frv. þetta verði samþykkt, og hefi því ekki getað orðið samferða hinum nefndarmönnum. Frv. er borið fram sem sparnaðarfrv. og segir um það í athugasemdum stjórnarinnar við frv., að það muni spara ríkissjóði um 80 þús. kr. á ári. Jeg varð þegar í stað undrandi, er jeg sá þetta, og eftir að hafa athugað málið, komst jeg að því, að þetta gæti engri átt náð. Við 1. umr. málsins fór jeg því fram á, að dómsmálaráðherra, sem hefir látið flytja málið, gæfi allsherjarnefnd skýrslu um, hvernig þessi sparnaðarupphæð væri reiknuð út. Hann kom svo að máli við nefndina, en kvaðst ekki skyldugur til að gefa neinar upplýsingar um þetta efni, og gerði það ekki heldur. Jeg hefi nú rannsakað málið eins ítarlega og fōng hafa verið til á hinum skamma tíma, sem málið hefir verið til meðferðar í nefndinni, og komist að þeirri niðurstöðu, að af frv. sje alls enginn sparnaður, heldur muni þvert á móti verða skaði að þessu fyrir ríkissjóðinn, enda er það ekki ólíklegt, þar sem 3 embættismenn koma í stað tveggja og 3 skrifstofur í stað tveggja.

Bæði bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættið á að leggja niður, og leiðir þar af, að báðir þeir menn, sem nú gegna þeim embættum, eiga heimtingu á, ef þeir vilja, að taka biðlaun í 5 ár. Virðast mestar líkur á, að þeir muni gera það, því að föst lann þeirra munu samt sem áður haldast óbreytt. Er þetta því mjög verulegur galli á frv., sem engar líkur eru á, að bót verði á ráðin.

Jeg legg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 31. mars 1928.

Magnús Guðmundsson.